

221. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi, mánudaginn 22. nóvember 2021 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 2011121 - Reynigrund 45 - umsókn um byggingarleyfi, grenndarkynning

Umsókn um byggingarleyfi, breyting felur í sér að sett verður valmápak á húsið, hæð húss breytist úr 3,6m í 5,02m. Kennileiti húss verða einnig brotin af. Byggingarleyfið var grenndarkynnt skv. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2021. Grenndarkynnt var frá 19. október til og með 16. nóvember. Engar athugasemdir bárust, fjórir aðilar sendu inn samþykki.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að byggingarleyfi verði heimilað á grunni fyrirliggjandi grenndarkynningar.

2. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Farið yfir nýjustu göng frá Árna Ólafssyni skipulagshönnuði

Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi fór yfir meginatriðin sem liggja fyrir í endurskoðuðu aðalskipulagi.

Stefnt skal að því að kynning á endurskoðuðu aðalskipulagi fari fram í byrjun desember, yfirferð Skipulagsstofnunar verði í janúar og auglýsing á endurskoðuðu aðalskipulagi fari út í febrúar 2022.

Ólafur Adolfsson bæjarfulltrúi sjálfstæðisflokksins vekur athygli skipulags- og umhverfisráðs á því að texti um framtíðar uppbyggingu á Dalbrautarreit ,141-ÍB, í drögum að greinargerð með nýju aðalskipulagi 2017-2032 og unnið hefur verið að á þessu kjörtímabili, samrýmist ekki framtíðarsýn og áformum bæjarfulltrúa samfylkingarinnar um uppbyggingu á Dalbrautarreit eins og kom skýrt fram í umræðum á bæjarstjórnarfundum þann 9. nóvember sl.

Bæjarfulltrúi sjálfstæðisflokksins minnir á að aðalskipulagi Akraneskaupstaðar er ætlað að endurspeglar stefnu sveitarfélagsins um landnotkun, byggðapróun og byggðamynstur á skipulagstímanum. Því er mikilvægt fyrir áframhaldandandi vinnu skipulags- og umhverfisráðs að bæjarfulltrúar samfylkingar í bæjarstjórn Akraness upplýsi fulltrúa í skipulags- og umhverfisráði um hvort uppi eru áform um breytt byggðamynstur á Dalbrautarreit 141-ÍB eða hvort núverandi texti lýsi áformum bæjarstjórnar Akraness um framtíðar uppbyggingu á Dalbrautarreit.

3. 2010230 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2022-2025

Fjárfestingar og framkvæmdir 2022 til 2025.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi drög að fjárfestingar- og framkvæmdaráætlun 2022-2025, sbr. vinnuskjal merkt fjárfestingar- og framkvæmdir 2022-2025-22.11.2021-v1.

4. 2110211 - Útfærsluhugmyndir á hluta sementsstromps

Skipulagafulltrúi fer yfir aðferðafræði við að afla hugmynda um útfærslur á hluta sementsstromps.

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að undirbúa samkeppni um útfærslur á sementstorgi og þeim hluta sementsstromps sem eftir stendur.

5. 1910114 - Endurskoðun reglna um úthlutun lóða

Bæjarráð leggur til að fyrirkomulagið verði endurskoðað og beinir því til skipulags- og umhverfisráðs að vinna breytta tillögu um úthlutun lóða sem komi til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Akraness. Bæjarráð leggur til að efni reglnanna verði þannig að stuðst verði í meira mæli við útdrátt þegar umsóknir eru nálægt hver annarri í tíma og gæti t.d. verið þannig að miðað sé við allar umsóknir sem uppfylla skilyrðin og berast þann dag sem opnað er fyrir umsóknir.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fyrirliggjandi drög að breytingum á reglum um úthlutun lóða verði lagðar fyrir bæjarráð.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.